

Fylgiskjal 2:

Nánari skilgreining á samstarfsverkefnum Grósku og Garðabæjar.

A. Jónsmessugleði.

Samstarfssamningurinn felur í sér að Gróska heldur Jónsmessugleði í júní ár hvert á samningstímanum. Gróska sér um framkvæmd Jónsmessugleðinnar eins og verið hefur í samstarfi við Garðabæ.

Gróska og Garðabær bera hvort um sig ábyrgð á sínum verkþætti skv. punktum hér að neðan:

Gróska:

1. Gróska skipuleggur og stýrir viðburðinum.
2. Ber kostnað af undirbúningi að dagskrá og dagskránni sjálfri að öllu leyti, nema verkhluta Garðabæjar.
3. Gróska kostar laun fyrir vinnu listamanna, Gróskufélaga sem og utanaðkomandi listamanna, auglýsingar, kynningar, síma og netkostnað og annan útlagðan kostnað v/ undirbúnings.

Garðabær:

1. Þjónustumiðstöð Garðabæjar aðstoðar við að setja niður staura og/eða hengja upp fleka skv. teikningu / merkingum frá Grósku, tekur niður og flytur í geymslu. Þá aðstoðar þjónustumiðstöð við uppsetningu á merkingum á svæðinu, kemur fyrir ruslafötum, útveggar fánaborgir og o.fl. skv. venju.
2. Útveggar hljóðkerfi og hljóðmenn.
3. Skapandi hópur sumarstarfsmanna fær tækifæri til að taka þátt í dagskránni skv. samkomulagi við verkefnastjóra skapandi sumarstarfa og menningarfulltrúa Garðabæjar.
4. Auglýsir og kynnir Jónsmessudagskrána á vef Garðabæjar, í rafrænu fréttabréfi bæjarins og á samfélagsmiðlum.

Aðilar samnings eru sammála um að taka upp viðræður árlega vegna kostnaðar við framkvæmd Jónsmessugleði. Ef þurfa þykir er leitað til Hjálparsveitar skáta vegna gæslu.

B. Listsýningar á Garðatorgi

Gróska:

1. Heldur sýningar í Gróskusalnum og/eða á öðrum stöðum sbr. Gr.2 í samningnum. Sýningartímar ákvarðaðir með góðum fyrirvara og menningarfulltrúi upplýstur um fyrirhugaðar sýningar.
2. Gróska sér um að skipuleggja uppsetningu og að taka niður sýninguna. Uppsetning fleka á Garðatorgi getur verið í samstarfi við starfsmenn þjónustumiðstöðvar á dagvinnutíma.
3. Sér um fréttatilkynningar til fjölmiðla og Garðabæjar.
4. Ber kostnað af sýningarhaldi s.s. yfirsetu, upphengingu og laun því tengd, auglýsingar, prentun sýningarsskrár, veitingar og annað sem tilheyrir sýningarhaldinu.

Garðabær:

1. Auglýsir og kynnir sýningar á heimasíðu Garðabæjar og í rafrænu fréttabréfi Garðabæjar ásamt samfélagsmiðlum bæjarins.
2. Getur útvegað hljóðkerfi með fyrirvara t.d. fyrir opnanir sýninga.
3. Reynir eftir fremsta megni að koma til móts við óskir Grósku er varðar sýningartímabil í sal á Garðatorgi og/eða annarsstaðar í Garðabæ.